



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 2. desember 2019

Ákvörðun nr. 43/2019

Samruni Sjóðsins AU 3 ehf. og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 28. október 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup AU3 ehf. (hér eftir AU3) á öllu hlutafé í Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf. (hér eftir MPJ). Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. a. laganna, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Samkeppniseftirlitið sendi samrunaskrána, þann 11. nóvember 2019, til ýmissa aðila sem kynnu að hafa hagsmuni af samrunanum og gaf þeim færi á að leggja fram sjónarmið vegna samrunans.¹ Engar athugasemdir um samkeppnisleg áhrif samrunans bárust frá þeim aðilum varðandi umræddan samruna.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum AU3 á öllu hlutafé í MPJ og felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá segir að AU3 sé í eigu framtaksjóðsins Umbreytingar. AU3 hafi verið stofnað í þeim eina tilgangi að halda utan um kaup Umbreytingar á öðru ótengdu félagi en ekki hafi orðið af þeim kaupum. Fyrirhugað sé að nýta AU3 til þess að halda utan um kaup Umbreytingar á MPJ.

¹ Þeir aðilar sem um ræðir eru Sæplast ehf., Brunnlok ehf., Set ehf., Steypustöðin ehf., Jóhann Rönnung ehf., Byko ehf., Húsasmiðjan ehf., Vatnsvirkinn ehf., Tengi ehf., Deca ehf., Veitur ehf. og HS veitur ehf.



Umbreyting sé fjárfestingasjóður í eigu stofnana- og einkafjárfesta. Í eigu Umbreytingar sé jafnframt 87,5% hlutafjár í félaginu AU2 ehf. (hér eftir AU2). AU2 hafi yferráð yfir félaginu Borgarplasti hf. (hér eftir Borgarplast). Borgarplast sérhæfir sig í framleiðslu á plastvörum til að nota í sjávarútvegi og byggingariðnaði.

Alfa Framtak ehf. (hér eftir Alfa) er samkvæmt samrunaskrá ábyrgðaraðili framtakssjóðsins Umbreytingar. Alfa sérhæfi sig í fjárfestingu og stuðningi við stjórnendur í þeim félögum sem fjárfest sé í, auk þess að vinna markvisst að verðmætaaukningu. Þá segir í samrunaskrá að Alfa sé jafnframt rekstraraðili framtakssjóðsins Umbreytingar. Kemur fram að eignarhaldið í Umbreytingu sé dreift og enginn aðili fari með yferráð yfir sjóðnum á grundvelli eignarhlutdeildar eða öðrum samningum.

Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur verið fjallað um sambærilega stjórnskipan hlutafélaga og í þessu máli. Hefur það verið mat eftirlitsins að sjóðir í rekstri fjármálafyrirtækja séu alla jafna taldir vera undir yferráðum viðkomandi fjármálafyrirtækis í skilningi samkeppnislaga. Því má að mati Samkeppniseftirlitsins telja að Umbreyting sé undir yferráðum Alfa í skilningi samkeppnislaga.²

Fram kemur í samrunaskrá að ekki séu aðrir sjóðir í rekstri Alfa sem fari með yferráð yfir fyrirtækjum í atvinnurekstri.

Í samrunaskrá segir að félagið MÞJ sé í eigu einstaklinga. MÞJ fari ekki með yferráð yfir neinum félögum. Starfsemi félagsins felist í framleiðslu á vörum úr grájárni og seigjárn. Framleiðsla félagsins er sé í stóriðju og til innviðaukauppbyggingar og viðhalds. Auk þess kemur fram í samrunaskrá að MÞJ flytji inn og selji vörur fyrir veitustarfsemi.

2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.

Í samrunaskrá segir að Umbreyting, AU3 og AU2 starfi á markaði fyrir fjárfestingarstarfsemi. Samrunaaðilar telja að landfræðilegi markaðurinn sé landið allt, Ísland.

Í samrunaskrá segir að Borgarplast framleiði og selji umbúðir unnar úr plasti. Tilgangur félagsins sé framleiðsla og sala á ýmiss konar iðnaðarvörum, bygginga og verktakastarfsemi hverskonar, innflutningur og rekstur smásöluverslunar, eignaraðild að öðrum félögum, kaup og sala verðbréfa og hlutabréfa, rekstur fasteigna, leiga og

² Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2019, *Kaup AU4 ehf. á hlutafé í Bál ehf. og Solvent ehf. – breytt yferráð yfir Motus og tengdum félögum.*



lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Framleiðsla félagsins samanstandi af vörum framleiddum úr Polystyrene (EPS) og Polyethylene (PE) plasti, að mestu til nota í matvæla- og byggingariðnaði. Vöruflokkar félagsins séu eftirtaldir:

- Matvælaíðnaður, s.s. ker, vörubretti, línubalar, frauðplastkassar, geymar og fituskiljur.
- Byggingariðnaður, s.s. brunnar, olíuskiljur, fituskiljur, rotþrær, kapalbrunnar, millidráttarkassar, einangrunarplast, takkamottur, vegatálmar og PVC fráveituefni.
- Sumarbústaðir, s.s. rotþrær, geymar, heitir pottar, jarðgerðarílát, einangrunarplast, PVC fráveituefni og takkamottur.
- Aðrar vörur, s.s. sand- og saltkistur, olíugeymar, kaplabrunnar, jarðgerðarílát og vegatálmar.

Með hliðsjón af ákvörðun SE nr. 23/2017, *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.*, telja samrunaaðilar að félagið Borgarplast starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á plastvörum fyrir sjávarútveg, matvæla- og byggingariðnað. Þá telja samrunaaðilar að landfræðilegi markaðurinn sé landið allt, Ísland. Síðan megi greina þann markað í þrengri undirmarkaði og nefna samrunar þar markað fyrir framleiðslu og sölu á vörum fyrir veitukerfi.

Samrunaaðilar taka fram að kjarnastarfsemi hins yfirtekna félags, MÞJ, felist í framleiðslu og sölu á vörum úr grájárni og steypujárni. Uppistaða framleiðslunnar sé rekstrarvörur fyrir stóriðju, þ.e. járnsteyptar rekstrarvörur tengdar aftöppun og ofnarekstri og brunnlök fyrir gatnagerð. Telja samrunaaðilar að MÞJ starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á rekstrarvörum úr járni fyrir stóriðju. Kemur fram að landfræðilegi markaðurinn sé allt landið, Ísland. Helstu keppinautar MÞJ á umræddum markaði séu sameinað félag OSN ehf. og Járnsteypunnar ehf., en félögin hafi sameinast í ágúst 2018. Annar stór keppinautur sé sameinað félag Jóhann Rönning ehf., Efnissölu G.E. Jóhannsonar og Vatns og veitna ehf.

Til viðbótar við framleiðslu á vörum úr járni flytji MÞJ inn og selji vörur í tengslum við veitulausnir fyrir sveitafélög, verktaka og fyrirtæki. Þær vörur séu fyrst og fremst plaströr og brunnar fyrir stofnlagnir, auk plasteininga fyrir tengibrunna fyrir ljósleiðara, járnsteyptar yfirborðslausnir fyrir gatnavörusvið og eldfastar rekstrarvörur tengdar spanofnum í stóriðju. Samrunaaðilar telji MÞJ því einnig starfa á markaði fyrir innflutning og sölu á vörum fyrir veitukerfi annars vegar og markað fyrir innflutning og sölu á rekstrarvörum úr járni fyrir stóriðju hins vegar. Landfræðilegi markaðurinn sé landið allt, Ísland.

Samrunaaðilar telji að ljóst sé að starfsemi MÞJ og Borgarplasts skarist einungis og að afar takmörkuðu leyti á markaði fyrir sölu á vörum fyrir veitukerfi og áhrifa samrunans gæti því að mati þeirra einvörðungu á þeim markaði. Skörun í starfsemi Borgarplasts og MÞJ á umræddum markaði sé fyrst og fremst, annars vegar í brunnum (hús og götubrunnar) og hins vegar í sandföngum. Þrátt fyrir það sé takmörkuð staðganga á milli umræddra vara Borgarplasts annars vegar og MÞJ hins vegar, vegna mismunandi eiginleika varanna. Sé það þannig að brunnar sem Borgarplast framleiðir úr hverfissteyptu PE (polyethylene) plasti en brunnar sem MÞJ flytur inn og selur eru úr sprautusteyptu PP (polypropylene) plasti. Brunnar úr PP-plasti séu hitaþolnari og ætlaðir



fyrir svæði sem þurfa að þola aukið álag, til dæmis yfirborðsálag vegna umferðar og/eða jarðvegsdýptar. Vegna þessa séu umræddir brunnar MÞJ oftast en ekki seldir til framkvæmda af hálfu opinberra aðila við veitukerfi á stofnæðum. Brunnar Borgarplasts uppfylli ekki sömu álagskröfur og séu hentugri fyrir svæði þar sem álag sé minna.

Við sölu á brunnum til fráveitukerfa til opinberra aðila komi ávallt fram í útboðsgögnum að varðandi val á brunnum sé heimilt að fara eina af þremur leiðum: 1) steinbrunnar og steinrör; 2) steinbrunnar og plaströr; eða 3) plastbrunnar og plaströr. Ef valið sé að notast við plastbrunn verði plaströrin að vera frá sama framleiðanda, en með öðrum orðum sé ekki leyfilegt að notast við plaströr og plastbrunn frá sitthvorum framleiðanda. Borgarplast framleiðir ekki plaströr og uppfylli því ekki skilyrði útboðsgagna í slíkum verkum. Sé því Borgarplast í raun ekki keppinautur MÞJ eða annarra sem selja umræddar vörur til opinberra aðila við lagningu fráveitukerfa. Séu því brunnar Borgarplasts fremur seldir til einkaaðila sem eru í framkvæmdum við húsbyggingar.

Þrátt fyrir að Borgarplast og MÞJ bjóði bæði upp á sandföng til að nota í veitukerfum sé ljóst að mjög takmörkuð staðganga sé á milli þeirra. Það sé vegna þess að eiginleikar varanna séu mismunandi en þau sandföng sem MÞJ selji séu með svokallaðri SN8-vottun, en um er að ræða vottun á hringstífleika sem stundum sé gerð krafa um í opinberum útboðum á verkum tengdum veitukerfum. Hins vegar séu þau sandföng sem Borgarplast framleiði og selji ekki með framangreinda vottun. Algengt sé í opinberum útboðum á verkum í veitukerfum að gerð sé sú krafa að innanmál sandfanga skuli vera 250 mm. Sandföng MÞJ uppfylli þessar kröfur en ekki sandföng Borgarplasts, sem séu með 230 mm innanmál.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er sá markaður sem mál þetta varðar einkum markaðurinn fyrir sölu á lögnum og öðrum tengdum vörum fyrir fráveitukerfi. Það er hugsanlegt að skilgreina markaðinn þrengra líkt og samrunaaðilar benda á en að mati eftirlitsins er ekki þörf á því ljósi niðurstöðu málsins.

Framkvæmdastjórn ESB hefur fjallað um markaðinn fyrir framleiðslu og sölu á lögnum (e. *Pipes and pipe systems*) í fyrri ákvörðunum sínum og m.a. tekið til skoðunar hvort ástæða sé til þess að skipta honum eftir mismunandi tegundum byggingarefnis, ummáli, lagi (e. *Circular and Non-circular pipes*) og virkni varanna. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.8356 - *Wietersdorfer / Amiantit / Hobas jv* var fjallað um markaði tengda ýmiskonar veitubúnaði og pípum búnum til úr svokölluðu GRP plasti. Komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta markaðnum eftir notkun veitubúnaðar, s.s. í skólpl, fóðrun skólplagna, dren, áveitu, vatnslagnir og lagnir fyrir vatnsorkuver. Þá var það jafnframt mat framkvæmdastjórnarinnar að ekki væri ástæða til þess að skilgreina markaðinn sérstaklega eftir mismunandi tegundum byggingarefnis svo lengi sem varan geti sinnt sömu notum (s.s. steypa, leir og mismunandi tegundir af plasti).

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaaðila að landfræðilegur markaður málsins sé landið allt, Ísland.

3. Áhrif samrunans



Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfa á. Almennt sé í samkeppnisrétti talið að samkeppnisyfirvöld geti beitt íhlutun í samruna í tvenns konar tilvikum; annars vegar þegar markaðsráðandi staða verður til eða hún styrkist eða þegar samkeppni raskar að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Telji samrunaaðilar að slíkar aðstæður séu ekki fyrir hendi.

Samrunaaðilar benda á að starfsemi MÞJ og Borgarplasts á þeim markaði sem um ræðir, þ.e. markaði fyrir sölu á vörum fyrir veitukerfi, skarist aðeins í sölu á tveimur vörum á umræddum markaði, brunnum og sandföngum. Fjöldi aðila starfi á markaði fyrir veitukerfi á Íslandi. Samrunaaðilar telji Sæplast Iceland ehf. vera sinn stærsta keppinaut en Sæplast framleiði hverfissteipta brunna úr PE-plasti, sambærilega þeim sem að Borgarplast framleiði. Einnig telji samrunaaðilar að Set ehf. sé stór keppinautur þeirra á markaðinum.

Þá sé ljóst að staðganga á milli varanna sé takmörkuð. Umræddar vörur MÞJ og Borgarplasts séu ennfremur ekki seldar í gegnum endursöluaðila, líkt og vörur annarra keppinauta, svo sem Sæplasts. Sé sú staðreynd að vörur Sæplasts séu seldar hjá mörgum aðilum veiti Sæplasti ákveðið samkeppnislegt forskot á markaðinum, þar sem verktakar líti á það sem kost að geta keypt allar vörur fyrir veitukerfi á einu stað. Því telji samrunaaðilar að samkeppnisskilyrði á þeim markaði þar sem áhrifa samrunans gætir séu með þeim hætti að nokkur samkeppni ríkir á markaðinum, sér í lagi í ljósi þess að vörur fyrir veitukerfi séu í flestum tilvikum staðlaðar. Ágætt jafnvægi ríki á milli framboðs og eftirspurnar, þar sem aukinni eftirspurn sé svarað með auknu framboði eftir því sem þörf krefur. Á undanförunum árum hafi innlend framleiðsla dregist saman á kostnað innfluttra vara, þar sem sífellt hagstæðara sé að flytja umræddar vörur inn til landsins. Takmarkaðar aðgangshindranir séu til staðar á markaðnum og á honum starfi fjöldi aðila. Helstu keppinautar séu ýmist aðilar sem flytja inn sambærilegar vörur eða aðilar sem framleiða slíkar vörur hérlendis.

Samkeppniseftirlitið sendi umsagnarbeiðni, þann 11. nóvember 2019, til ýmissa aðila sem kynnu að hafa hagsmuni af samrunanum og gaf þeim færi á að leggja fram sjónarmið vegna hans. Engin þessara aðili lagði fram sjónarmið um áhrif samrunans á samkeppni.

Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir umfjöllun í samrunaskrá að starfsemi samrunaaðila skartast aðeins að takmörkuðu leyti og á afmörkuðu sviði. Þá sýnir umfjöllunin einnig að staðganga á milli þeirra vöruflokka sem báðir samrunaaðilar selja er takmörkuð. Auk þess er ljóst að aðrir keppinautar eru starfandi á markaðnum og samhliða innflutningur á þessum vörum virðist vera mögulegur. Þá er ljóst af framkomnum upplýsingum að velta samrunaaðila í þessum vöruflokkum er takmörkuð. Miðað við framkomnar upplýsingar er það því mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til íhlutunar vegna samrunans.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með



umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslegan styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem mál skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar starfa að meginstefnu til á ólíkum mörkuðum. Samrunaaðilar starfa þó að hluta til á sama sviði, en báðir aðilar selja vörur fyrir fráveitukerfi. Er því að hluta til um láréttan samruna að ræða. Miðað við umfjöllun samrunaaðila í samrunaskrá er þó ljóst að takmörkuð staðganga er á milli þeirra vara sem fyrirtækin selja á framangreindum markaði. Þá er ljóst að velta samrunaaðila í sölu á þessum vörum er takmörkuð og umsagnaraðilar gerðu ekki athugasemdir við viðskiptin. Í málinu hafa ekki komið fram vísbendingar um að markaðsráðandi staða sé að myndast eða styrkjast vegna samrunans. Þá hefur ekkert komið fram við rannsóknina sem bendir til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að þörf sé á íhlutun af hálfu Samkeppniseftirlitsins.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup AU3 ehf. á Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson